

30.06.2022



25% tekjuvöxtur Ölgerðarinnar á fyrsta ársfjórðungi

- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar var 25% hærrí á fyrsta ársfjórðungi 2022 en á sama tímabili 2021**
- **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) hækkaði um 305 milljónir kr. milli tímabila og jókst um 46%**
- **Sala á kútabjór til veitingastaða tvöfaldaðist**
- **Ný framleiðslulína var tekin í notkun**

Árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2022 – 31. maí 2022 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum 30. júní 2022.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings:

- EBITDA nam 963 millj. kr. samanborið við 657 millj. kr. á 1F 2021, sem jafngildir 46% hækkun milli ára.
- Eigið fé í lok 1F 2022 nam 8,0 ma. kr. og eiginfjárhlutfall 32% sem er óbreytt frá lok síðasta fjárhagsárs.
- Nettó vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingu voru 7.932 millj. kr. í lok 1F 2022 samanborið við 8.366 millj. kr. í lok árs 2021.
- Hagnaður eftir skatta var 521 millj. kr. og jókst um 60%.

Samkvæmt uppgjöri fyrsta ársfjórðungs jókst rekstrarhagnaður fyrirtækisins fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) um 305 milljónir króna frá sama tímabili árið 2021, var 963 milljónir króna 2022 en var 657 milljónir króna 2021. Hagnaður eftir skatta var 521 milljón króna og jókst um 195 milljónir króna milli ára. Eigið fé Ölgerðarinnar var 8 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall 32%. Þá lækkuðu vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé um 434 milljónir króna á tímabilinu.

Rekstur Ölgerðarinnar gekk vel á tímabilinu og jókst vörusala þess um 25% milli tímabila og munar þar um kaup Danól ehf. á viðskiptasamböndum Ásbjörns Ólafssonar ehf, mikla söluaukning til hótela og veitingastaða auk þess sem Ölgerðin er að styrkja stöðu sína á lykilmörkuðum með vörunýjungum og breyttu vöruframboði í drykkjarvöru. Þá hefur möguleikum í pakkningum á drykkjarvörum fjölgað umtalsvert með fjárfestingu í nýrri framleiðslulínu sem tekin var í notkun á tímabilinu sem gefur tækifæri til mun fjölbreyttara vöruúrvals.

Þann 27. maí 2022 lauk hlutafjárútbóði á 29,5% af þegar útgefnum hlutum í Ölgerðinni sem var undanfari skráningar í félagsins á aðalmarkað Kauphallarinnar. Skráningin fór svo fram þann 9. júní 2022 og fyrstu viðskipti með bréfin þann dag. Samhliða skráningu Ölgerðarinnar tók stjórn félagsins ákvörðun um að gefa öllu fastráðnu starfsfólki hlutafé í Ölgerðinni.

„Við erum hæstánægð með afkomuna fyrstu þrjá mánuði fjárhagsársins. Tekjuvöxturinn er góður og stærsti solumánuður í sögu fyrirtækisins var á þessu tímabili. Sumarið 2021 var afar gott þegar litið var til sölutalna og við horfum bjartsýn til þessa sumars. Það er ánægjulegt að sjá jákvæð viðbrögð markaðarins við skráningu á hlutum Ölgerðarinnar og við hlökkum til að takast á við komandi verkefni,“ segir **Andri Þór Guðmundsson**, forstjóri Ölgerðarinnar.

Lykiltölur (mkr.)

Rekstrarreikningur	1F 2022	1 F2021	Breyt.	% Breyt
Vörusala og aðrar rekstrartekjur	9.086	7.271	1.816	25%
Áfengis- og skilagjald	2.418	2.108	310	15%
Vörunotkun	3.416	2.687	729	27%
Laun og launatengd gjöld	1.012	885	127	14%
Markaðs- og sölukostnaður	484	418	65	16%
Annar framleiðslu- og rekstrarkostnaður	793	515	279	54%
EBITDA	963	657	305	46%
Afskriftir	210	187	23	12%
EBIT	753	470	282	60%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	100	64	36	56%
Hagnaður fyrir skatta	653	407	246	61%
Tekjuskattur	132	80	52	64%
Hagnaður e skatta	521	326	195	60%
EBITDA síðustu 12 mánuði (01.06.2021-31.05.2022)	3.584			
EBITDA áætlun á fjárhagsárinu (01.03.2022-28.02.2023)	3.600-3.900			

Efnahagsreikningur	31.5.2022	28.2.2022	Breyt.	% Breyt
Eignir	24.859	23.554	1.305	5,5%
Eigið fé	8.036	7.650	386	5,1%
Eiginfjárlutfall	32%	32%	-0,2	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	9.144	9.025	120	1,3%
Handbært fé	1.212	659	553	84,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	7.932	8.366	-434	-5,2%
NIDB/EBITDA sl. 12 mán	2,2	2,6	-0,3	

Ölgerðin gaf út ítarlega fjárfestakynningu í tengslum við hlutabréfaútbod í maí og skráningu í byrjun júní. Staða Ölgerðarinnar hvað varðar rekstur, markaðsstöðu, aðföng og horfur til framtíðar hefur ekki tekið miklum breytingum síðan þá.

Afkoman á fyrsta ársfjórðungi var ívið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir og EBITDA spá félagsins fyrir fjárhagsárið nær efri enda þess bils sem kynnt var samhliða skráningunni í lok maí, þ.e. 3.600-3.900 millj. kr.

Upplýsingar veita Andri Þór Guðmundsson, forstjóri, í síma 665-8010 og Jón Þorsteinn Oddleifsson, fjármálastjóri í síma 820-6491.